

# Premium myndlykill

25.06.2026

Premium myndlykill Símans færir þér bestu mögulegu upplifunina. Myndlykillinn kemur með innbyggðum hágæða hátalara með hljóðhönnun frá Bang & Olufsen og Bluetooth fjarstýringu. Tryggðu þér hámarks gæði og þægindi meðan þú nýtur þess að horfa á Sjónvarp Símans.

## Bang & Olufsen

Frá árinu 1925 hafa Bang & Olufsen verið leiðandi í hljómgæðum og nú færa þau þá aldargömlu reynslu beint inn í stofuna hjá þér. Hljóðverkfræðingar þeirra hafa hannað og fínstíllt hljóðið í myndlyklinum til að skila tæru og kraftmiklu hljóði sem veitir einstaka hljóðupplifun - nákvæmlega eins og listamennirnir ætluðu.

## Í kassanum eru eftirfarandi hlutir

- Myndlykill með hágæða hátalara frá Bang & Olufsen
- Fjarstýring
- Straumbreytir
- HDMI snúra
- Netsnúra




### Notaðu snúrurnar í kassanum!

Til að tryggja bestu upplifun er mikilvægt að þú notir snúrurnar sem fylgja myndlyklinum. Ekki nota eldri snúrur sem fylgdu öðrum tækjum.

## Að tengja myndlykilinn

Myndlykillinn þarf þrennt til að virka: Tengingu við **sjónvarpið** þitt, við **rafmagn** og við **internetið**, en hann getur tengst við netið með netsnúru eða þráðlaust með WiFi.

- Tengdu HDMI snúruna í HDMI tengið á myndlyklinum og sjónvarpinu þínu. Athugaðu merkinguna á HDMI tenginu sem þú notar, því hún segir til um á hvaða rás sjónvarpið þarf að vera stíllt til að nota myndlykilinn.
- Ef þú ætlar að tengja myndlykilinn við netið með netsnúruskaltu tengja hana í nettengið á myndlyklinum og tengja hinn endann í LAN tengi á netbeininum þínum. Ef þú ætlar að tengja myndlykilinn þráðlaust með WiFi skaltu sleppa þessu skrefi.
- Tengdu straumbreytinn við myndlykilinn og settu hann í samband við rafmagn.
- Kveiktu á sjónvarpinu og stilltu á HDMI rásina sem samsvarar HDMI tenginu sem þú notaðir.
  - Á flestum sjónvörpum er skipt milli HDMI rása með því að ýta á *Source* eða *Input* og velja viðeigandi HDMI rás með örvatökkum á fjarstýringunni.
- Ef þú tengdir ekki netsnúru við myndlykilinn skaltu nú velja **Setja upp WiFi** á skjánum.
  - Veldu þráðlausa netið þitt í listanum og sláðu inn lykilorðið.
  - Veldu svo **Staðfesta** til að tengjast þráðlausa netinu.
  - Ef þráðlausa netið þitt kemur ekki upp í listanum getur þú valið **Uppfæra WiFi lista** til að leita aftur.
- Loks skráir þú þig inn með rafrænum skilríkjum og getur þá byrjað að horfa á Sjónvarp Símans!



## Fjarstýringin

Fjarstýringin getur notað bæði IR (infrarautt ljós) og Bluetooth til að stýra myndlyklinum.

- IR þarf enga uppsetningu, en krefst beinnar sjónlínu milli fjarstýringarinnar og myndlykilsins.
- Bluetooth býður upp á lengri drægni og þarf ekki beina sjónlínu til að virka, en þú þarft að para fjarstýringuna við myndlykilinn til að nota það.

### Para fjarstýringu með Bluetooth

Það er einfalt að para fjarstýringuna við myndlykilinn, en þú getur stjórnað myndlyklinum með IR á meðan þú parar hana:

- Ýttu á valmyndar hnappinn (☰) á fjarstýringunni til að opna valmyndina.
- Veldu Tækjastjórnun.
- Veldu Fjarstýring.
- Veldu Para fjarstýringu.
- Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til að para fjarstýringuna

## Endurpörun á fjarstýringu

Ef pörun á fjarstýringu dettur út þá getur þú haldið inni **Factory Reset** takkanum aftan á myndlyklinum í 5 sekúndur og þá nállstillirðu myndlykilinn og getur það fjarstýringuna aftur.

## Takkavísir




Færir þig beint í línulega dagskrá.

## Bakhátalarar

Með Premium myndlyklinum getur þú einnig fengið bakhátalara til að hámarka hljóðupplifunina. Hátalararnir eru einfaldlega tengdir við rafmagn og paraðir þráðlaust við myndlykilinn.

### Para hátalara


- Ýttu á **valmyndar hnappinn** (☰) á fjarstýringunni til að opna valmyndina.
- Veldu **Stillingar**.
- Veldu **Hljóðkerfi**.
- Veldu **Setja upp bakhátalara** undir *Þráðlausir bakhátalarar*.
- Veldu **Byrja** og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.
- Eftir uppsetningu eru hátalararnir tilbúnir til notkunar!



## Spotify

Þú getur streymt tónlist frá Spotify beint í myndlyklinum. Hlustaðu á uppáhalds tónlistina þína, uppgötvaðu nýja tónlist og fáðu aðgang að milljónum laga – allt með fullkomnum hljómgæðum Bang & Olufsen!

Til að streyma Spotify í gegnum myndlykilinn þarftu að vera með Spotify appið í tæki sem er tengt við sama net og myndlykillinn.

- Opnaðu Spotify appið og byrjaðu að spila tónlist.
- Smelltu á spilara merkið 
- Veldu **Siminn VSB** til að streyma tónlistinni í myndlykilinn.

Nánari leiðbeiningar fyrir Spotify Connect [má finna hér](#)



Spotify Connect

Þú getur notað símann, spjaldtölvuna eða tölvuna sem fjarstýringu fyrir Spotify! Kynntu þér málið á vef [Spotify Connect](#)

Notkun Spotify forritsins er háð skilmálum þriðju aðila [sem má finna hér](#).

## Aðrar stillingar

### Stilla hljóðútgang

Þú getur still hvaðan hljóðið úr myndlyklinum kemur með því að stilla hljóðútganginn.

- Ýttu á **valmyndar hnappinn** (☰) á fjarstýringunni til að opna valmyndina.
- Veldu **Stillingar**.
- Veldu **Hljóðkerfi**.
- Veldu **Hljóðútgangur**.

Þar getur þú valið eftirfarandi möguleika:

- **Sjónvarp (HDMI)**  
Hljóðið frá myndlykilinum er spilað í gegnum hátalara á sjónvarpinu eða öðrum hljómbúnaði sem er tengdur við sjónvarpið.
- **Myndlykill**  
Hljóðið frá myndlykilinum er spilað í gegnum innbyggða Bang & Olufsen hátalarann.
- **Myndlykill og bakhátalarar**  
Hljóðið frá myndlykilinum er spilað í gegnum innbyggða Bang & Olufsen hátalarann og bakhátalarana ef þeir eru tengdir.

### Hvernig endurstilli ég myndlykilinn í upprunastillingar?

Það eru tvær leiðir til að endurstilla myndlykilinn.

1. Endurstilla í valmynd:

- Ýttu á **valmyndar hnappinn** (☰) á fjarstýringunni til að opna valmyndina.
- Veldu **Stillingar**
- Veldu **Tækið**
- Veldu **Factory Reset**

Þú gætir þurft að skrá þig aftur inn með rafrænum skilríkjum eftir endurstillingu. Ef myndlykillinn var tengdur yfir WiFi þarf að tengja það aftur.

2. Ýttu á litla **Factory Reset** takkann aftan á myndlykilinum, þá færðu upp valmynd þar sem þú getur endurræst, endurstilt fjarstýringu, myndlykil eða bæði.

### Vantar þig aðstoð?



Hafðu samband við þjónustuverið okkar og við leysum málið með þér!

